

Sameinað Sílikon hf.
Stakksbraut 9
230 Reykjanesbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 25. apríl 2017
UST201702-122/S.P.
08.08.02

Stöðvun starfsemi

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 18. apríl sl. þar sem stofnunin áformaði að stöðva starfsemi Sameinaðs Sílikons hf. með þeim hætti að rekstraraðila yrði ekki heimilt að gangsetja ofn verksmiðjunnar á ný nema í samráði við stofnunina, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun barst þann 24. apríl bréf frá Veritas lögmönnum, fyrir hönd Sameinaðs Sílikons hf. þar sem sjónarmið rekstraraðila voru reifuð. Jafnframt mættu forsvarsmenn félagsins ásamt sérfræðingum Multiconsult á fund Umhverfisstofnunar þann 21. apríl sl.

Líkt og áður hefur komið fram í bréfum Umhverfisstofnunar hefur eftirlit með verksmiðju Sameinaðs Sílikons hf. verið fordæmalaust að umfangi. Stofnuninni hafa borist fjölmargar kvartanir vegna lyktarmengunar og hefur stofnunin metið ástandið alvarlegt enda liggur ekki fyrir hvort og þá hvaða efni fylgi lyktarmengun frá verksmiðjunni. Í bréfi dags. 18. apríl sl. kom fram að í fyrirvaralausú eftirliti Umhverfisstofnunar þann 17. apríl hefði komið í ljós að mikill óstöðugleiki í ljósbogaoefni Sameinaðs Sílikons hf. frá kl. 14.30 þann 16. apríl og var ofnstopp um kl. 18.15 sem varði í um klukkustund (þó virðist ofninn hafa verið keyrður upp í um 2 mínútur innan þess tíma). Í kjölfarið bárust Umhverfisstofnun kvartanir um lyktarmengun. Í ljósi ábendinga og upplýsinga sem aflað var við eftirlit telur Umhverfisstofnun að óstöðugleiki í afli ljósbogaofningsins nægi til að framkalla lyktarmengun.

Líkt og kom fram í bréfi stofnunarinnar dags. 13. mars sl. hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fram skuli fara verkfræðileg úttekt á hönnun og rekstri verksmiðju Sameinaðs Sílikons hf. hvað varðar þörf á úrbótum á mengunarvarnabúnaði og mengunarvörnum sem og orsök lyktarmengunar. Fram kom í áður nefndu bréfi dags. 13. mars að upplýsingar og niðurstöður sérfræðinga sem ráðnir eru af Sameinuðu Sílikoni hf. kunna að leiða til afmörkunar á úttekt Umhverfisstofnunar.

Sjónarmið Sameinaðs Sílikons hf.

Í áður nefndu bréfi Sameinaðs Sílikons hf. kemur fram að það sé mat fyrirsvarsmanna félagsins að stærsta vandamál verksmiðjunnar sé lítil rekstrartími ljósbogaofningsins frá upphafi rekstrar vegna fjölmargra ofnstöðvana og keyrslu ofnsins á lágu álagi (um og undir 30% álag eða 9,6MW). Þá segir að ástæðu þess megi rekja til margra smærri vandamála í jaðarbúnaði ofnsins, sem stöðugt er unnið í að leysa. Þá segir að alvarlegasta afleiðingin af þessum litla rekstrartíma verksmiðjunnar sé losun lyktar og að stjórn félagsins hafi sett í algeran forgang að leysa fyrrgreint vandamál félagsins

og hafi í þeim tilgangi ráðið norska ráðgjafafyrirtækið Multiconsult. Sérfræðingar þeirra hafa fengið umboð til endurmats á verksmiðju Sameinaðs Sílikons hf. og „*tillögugerðar um úrbætur, til að tryggja að verksmiðjan nái rekstrarstöðugleika og rekstrargæðum sem standist samanburð við það sem tíðkast hefur í þeim fjölmörgu verksmiðjum sem eru starfræktar í Noregi*“. Niðurstaða frumrannsóknar sérfræðinga Multiconsult sé sú að ekki sé um að ræða stórfellda ágalla á hönnun og uppsetningu og að allar forsendur séu til þess að verksmiðjan geti náð fullum afköstum. Segir jafnframt að vinna við úrbótaáætlun sé í fullum gangi, eins og Umhverfisstofnun hafi þegar verið kynnt. Þá mun Multiconsult ráðleggja félaginu við allar frekari úrbætur og hafa umsjón með úrbótaáætlun. Verkefnið verður annars vegar að ráðleggja félaginu almennt um hvaða endurbóta er þörf til að auka rekstartíma ljósbogaofnsins og sérstaklega til hvaða ráðstafana er hægt að grípa til þess að koma í veg fyrir eða takmarka lykt frá verksmiðjunni í tilfelli óundirbúinna ofnstöðvanna og reksturs ofnsins á lágu álagi. Jafnframt kemur fram að „*næsta skref í vinnu ráðgjafa Multiconsult er úttekt á verksmiðju félagsins með ofninn í rekstri. Til þess að hægt verði að afla áreiðanlegra mælinga á loftgæðum er nauðsynlegt að líkja eftir óundirbúinni ofnstöðvun og keyrslu ofnsins á mismunandi lágu álagi þannig að unnt sé að finna þröskuldinn, þ.e. við hversu lágt álag lykt byrjar að berast frá verksmiðjunni, en niðurstöður þessara rannsókna eru nauðsynlegar til þess að ákvarða aðgerðir til að koma í veg fyrir eða takmarka að lykt berist frá verksmiðju félagsins.*“ Þá segir að félagið hafi í samráði við Multiconsult ákveðið að leita til norsku loftrannsóknastofnunarinnar NILU til þess að framkvæma mælingar á loftgæðum í nágrenni verksmiðjunnar þegar ofninn verður ræstur að nýju. Óhjákvæmilega muni berast lykt frá verksmiðjunni við þessar rannsóknir og muni félagið því í samráði við Umhverfisstofnun og með góðum fyrirvara tilkynna opinberlega um hvernær helst muni lykta að vænta og vinna jafnt og þétt að aðgerðum til þess að draga úr hættu á lykt. Félagið leggur áherslu á að erfiðara sé að vinna að mengunarvörnum þegar rekstur ljósbogaofnsins liggur niðri og fer því fram á að Umhverfisstofnun „*hlutist ekki til um stöðvun rekstrar ljósbogaofnsins að aflokinni ræsingu að nýju nema fyrir liggja rökstudd og vísindaleg niðurstaða um að af rekstrinum stafi hætta*“.

Auk þessa kemur fram að félagið hefur hafið undirbúning að upptöku gæðastaðalsins ISO 9001 og að því loknu verði stefnt að upptöku ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins.

Að endingu kemur fram að Sameinað Sílikon hf. geri ekki efnislegar athugasemdir við áform Umhverfisstofnunar um að stöðva starfsemi með þeim hætti er lýst hefur verið „*enda hafi félagið engin áform um að ræsa ljósbogaofninn að nýju án samráðs við stofnunina*“.

Niðurstaða

Markmið þvingunarúrræða samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er að knýja fram úrbætur. Jákvæð þróun hefur orðið varðandi ráðstafanir rekstraraðila að undanfögnu hvað varðar greiningu á vandamálum verksmiðjunnar og leiðum til úrbóta.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um úttektaraðila sbr. bréf stofnunarinnar dags. 13. mars sl. og vinnur að nánari afmörkun úttektarinnar. Forgangsatriði úttektarinnar verður að leggja mat á ráðstafanir rekstraraðila til úrbóta. Þeim niðurstöðum verður skilað til Umhverfisstofnunar og metið verður hvort frekari ráðstafana er þörf. Stofnunin mun veita rekstraraðila frekari upplýsingar á næstu dögum um afmörkun úttektarinnar og fyrirkomulag. Nauðsynlegt er að mati

Umhverfisstofnunar að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um orsök lyktarmengunar og ráðstafanir til úrbóta áður en heimilaður verður reglubundinn rekstur ljósbogaofns á ný.


Umhverfisstofnun stöðvar hér með starfsemi Sameinaðs Sílikons hf. að því leyti að rekstraraðila er ekki heimilt að gangsetja ljósbogaofn verksmiðjunnar á ný nema að fengnu leyfi stofnunarinnar, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun mun heimila uppkeyrslu á ljósbogaofni verksmiðjunnar vegna frekari greiningar á orsökum lyktarmengunar og mati á mögulegum úrbótum. Sameinað Sílikon hf. skal tilkynna Umhverfisstofnun um tímasetningu fyrirhugaðrar uppkeyrslu ljósbogaofns. Við val á tímasetningu er mikilvægt að horft sé til væntanlegra vindátta til að draga úr áhrifum á íbúa. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að hafa eftirlit með uppkeyrslunni. Því er tímasetning uppkeyrslu ljósbogaofnsins háð samþykkis stofnunarinnar. Jafnframt skal tilkynna íbúum Reykjanesbæjar um fyrirhugaða uppkeyrslu með fyrirvara. Ef óstöðugleika verður vart í ljósbogaofni verksmiðjunnar í kjölfar uppkeyrslu eða þegar ofn stöðvast á ný skal tafarlaust tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Ekki er heimilt að keyra upp ljósbogaofn verksmiðjunnar að nýju nema að fengnu leyfi stofnunarinnar. Stöðvun þessi varir þar til skýringar liggja fyrir um orsök lyktarmengunar og nægjanlegar úrbætur framkvæmdar að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Umhverfisstofnun vekur athygli á 30. gr, sbr. 1. gr. gjaldskrár stofnunarinnar, nr. 535/2015 þar sem fram kemur að innheimta skuli gjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsóttir
sviðsstjóri

